

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Birgir Gunnarsson  
Dags. 5. mars 2021  
Mnr. 2021020138



ÍSAFJARÐARBÆR

## Svör við fyrirspurn frá bæjarfulltrúum í listans varðandi Þjónustumiðstöð:

### 1. Er búið að segja upp starfsmönnum í Þjónustumiðstöð eins og fréttamiðillinn BB.is greinir frá?

Í framhaldi af ákvörðun bæjarstjórnar um að útvista snjómokstri í Skutulsfirði til verktaka, var nauðsynlegt að endurskoða mönnun í Þjónustumiðstöð. Sú endurskoðun leiddi til fækkunar á starfsmönnum í Þjónustumiðstöð.

### 2. Hversu mörgum starfsmönnum var sagt upp?

Premur starfsmönnum var sagt upp sem allir eru með þriggja mánaða uppsagnarfrest.

### 3. Er fyrirhugað að segja upp fleiri starfsmönnum?

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari fækkun starfsmanna í Þjónustumiðstöð.

### 4. Hver tók ákvörðun um að segja upp starfsmönnum?

Bæjarstjóri, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og mannauðsstjóri unnu sameiginlega að málinu en endanleg ábyrgð á ákvörðuninni er á herðum bæjarstjóra.

### 5. Hver er framtíðarsýn meirihluta bæjarstjórnar fyrir Þjónustumiðstöð?

Það er rétt að meirihlutinn svari fyrir sína framtíðarsýn og vísa ég þessari fyrirspurn áfram til þeirra. Hins vegar er staðan sú að að þrátt fyrir að snjómokstri hafi verið útvistað og sé ekki lengur verkefni Þjónustumiðstöðvar þá hefur Þjónustumiðstöðin mörg önnur verkefni á sínum snærum. Það hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um breytingar þar á. Á meðan svo er mun Þjónustumiðstöðin áfram starfa í þeirri mynd sem hún er í dag að undanskildum snjómokstri í Skutulsfirði.

### 6. Hvers vegna voru þessar fyrirætlanir ekki kynntar bæjarfulltrúum?

Lögð var áhersla á það að kynna málið fyrir þeim starfsmönnum sem í hlut eiga og starfsmönnum í Þjónustumiðstöð áður en þetta yrði opinbert. Fundað var með staðgengli forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar kl. 11 og málið kynnt fyrir honum. Síðan voru þeir starfsmenn sem í hlut áttu boðaðir til viðtals kl. 14 og loks var fundur með starfsmönnum í Þjónustumiðstöð kl. 15. Allir þessir fundir fór fram miðvikudaginn 24. febrúar.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri

